

33. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 15. október 2011, kl. 11.15, í húsnæði Fjölnis, Egilshöll í Reykjavík

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Sólveig Jónsdóttir almannatengalsfulltrúar og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Birna Björnsdóttir, varaformaður, sem er erlendis vegna erinda fyrir FSÍ, boðar forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fararstjóri á Norður-Evrópumótinu í áhaldafimleikum

Samþykkt er að Þorgerður Diðriksdóttir verði fararstjóri á mótinu.

2. Evrópumótið í hóp fimleikum 2012.

Á formannafundi sl. vor var könnuð afstaða aðildarfélaga til þess að senda landslið til keppni á Evrópumótinu í hóp fimleikum 2012 í samræmi við breyttar reglur. Mikill meirihluti félaga samþykktu að senda landslið til keppni á mótið og í framhaldi af því hófst undirbúningur verkefnisins hjá FSÍ í samvinnu við tækninefnd í hóp fimleikum. Til stendur að senda landslið til keppni í yngri flokki kvenna, karla og mix og mix senior, en valið verður félagslið sem landslið kvenna í seniorflokki.

Í tengslum við undirbúning fjárhagsáætlunar FSÍ 2012-2014 og fyrirhugaða þátttöku landsliða í Evrópumóti í hóp fimleikum árið 2012 liggur eftirfarandi fyrir:

Stjórn FSÍ áætlað að kostnaður við fyrirhugaða þátttöku fjögurra landsliða í hóp fimleikum á Evrópumóti sem haldið verður í Arhus í október 2012, verði 6.500.000 krónur, þ.e. ferðakostnaður þjálfara, dómara, fararstjóra og búningakaup. Hluti þeirrar upphæðar fæst með 1/3 hluta af mótagjöldum af hóp fimleikamótum sem koma inn á árunum 2010 til 2012, og í dag er áætlað að verði 2.400.000 krónur. Þeirri fjárhæð til viðbótar þarf að gera ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun FSÍ fyrir árið 2012-2014, en fjárhæðin fer eins og áður segir í búningakaup og ferðakostnað á mótið fyrir tvo þjálfara á hvert landslið, fjóra dómara, verkefnisstjóra, fararstjóra og einstakling sem nýtist liðunum meðan á mótinu stendur.

Kostnaður vegna verkefnisstjóra í hóp fimleikum greiðist úr sjóði FSÍ og skerðir því ekki þessa upphæð. Hlutverk verkefnisstjóra er að halda utan um verkefnið og ná hámarksárangri.

Fjárhagsstaða FSÍ leyfir ekki að úr sjóði FSÍ verður greiddur kostnaður við þjálfun landsliða í hópþímleikum fyrir mótið. Því liggur fyrir að allur kostnaður við þjálfun landsliða sem taka þátt í mótinu f.h. Íslands verður að vera með sama hætti og hefð er fyrir í öðrum greinum FSÍ. Ákveðið er að ræða málið á formannafundi sem hefst nú á eftir.

Fundi er fresta kl. 11.50

Fundi er framhaldið kl. 15.50.

Á formannafundinum komu fram tillögur um aðrar leiðir til að standa straum af kostnaði vegna þjálfun landsliðanna. Fundurinn ákvað að stjórn sendi aðildarfélögum kostnaðaráætlun vegna landsliðsþjálfunar ásamt tillögu stjórnar og þeim tillögum sem fram komu á formannafundinum og samþykktu fundarmenn að bera framangreindar tillögur undir stjórnarfundum hver í sínu félagi og senda stjórn svar eigi síðar en 1. nóvember nk.

Eftir gagnlegar umræður um málið á formannafundinum leggur stjórn FSÍ leggur til eftirfarandi fyrirkomulag:

Um er að ræða eftirfarandi tillögur:

1. Gerður verði kostnaðarskiptasamningur milli þeirra félaga sem eiga iðkendum í 20-25 manna landsúrtökuhópnum á tímabilinu 1. janúar til 1. september 2012, og hins vegar verði gerður kostnaðarskiptasamningur milli þeirra félaga sem eiga iðkendum í 14 manna landsliðshóp frá 1. september 2012 fram yfir mót. M.v. kostnaðaráætlun er kostnaður vegna landsliðsþjálfunar (vinna tveggja þjálfara hvers liðs) 12,000 krónur á hvern iðkanda sem tekur þátt í 20-25 mannahópnum á tímabilinu 1. janúar til 1. september 2012, og 25,700 krónur á hvern iðkanda sem á sæti í 14 manna landsliði frá 1. september 2012 fram yfir Evrópumótið.
2. Heildarkostnaður við þjálfun landsliða, sem áætlaður er 600,000 krónur pr lið, verði greiddur að jöfnu af öllum aðildarfélögum FSÍ óháð því hvort félög eiga iðkendum í 20-25 manna hópnum eða í landsliði.
3. Heildarkostnaður við þjálfun landsliða, sem áætlaður er 600,000 krónur pr. lið, verði greiddur að af öllum aðildarfélögum FSÍ í hlutfalli við iðkendafjölda félagsins m.v. upplýsingar um iðkendafjölda er félög sendu inn í starfskýrslur FELIX fyrir 15. apríl sl. , óháð því hvort félög eiga iðkendum í 20-25 manna hópnum eða í landsliði.
4. Hækkun þjónustugjald aðildarfélaga FSÍ til að mæta kostnaði við þjálfun.

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á gerð fjárskiptasamninga og skulu samningarnir sendir FSÍ. Greiðslur félaga skv. kostnaðarskiptasamningi skulu greiddar inn á sérmerktan reikning í eigu FSÍ, sem millifærir greiðslurnar (verktakagreiðslur) til landsliðsþjálfara.

Fyrsta úrtökuæfing er fyrirhuguð um miðjan nóvember. Að úrtökuæfingu lokinni tekur við æfingatími þeirra 20-25 iðkenda sem valdir verða í landsliðsúrtaf í flokki jr. kvenna, jr.mix, jr. karla og senior mix, tímabilið 1. janúar til 1. september 2012. Landsliðsþjálfarakostnaður skal skiptast milli þeirra félaga sem eiga iðkendur í 25 manna úrtökuhópnum í réttu hlutfalli við fjölda iðkenda í úrtökuhópnum.

Aðeins iðkendur þeirra félaga sem standa að skriflegu samkomulagi um skiptingu kostnaðar vegna landsliðsþjálfunar geta tekið þátt í verkefninu eftir að 25 manna hópurinn hefur verið valin. Eftir 1. september 2012, þegar 14 manna landslið hefur verið valið, skal gerður nýr kostnaðarskiptasamningur m.v sömu forsendur og að framan.

Framkvæmdastjóra falið að senda aðildarfélögum afgreiðslu stjórnar á dagskrárlið 2, og óska eftir að félögin svari stjórn eigi síður en 1. nóvember nk. Félögin eru hvött til að virða tímafrestinn þar sem mikilvægt er að koma verkefninu af stað.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 24. október nk.

Fundi slitið kl. 16.10

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.